12. fundur hreppsnefndar Árneshrepps

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Árneshrepps fimmtudaginn 1. Október 2026

Mætt til fundar: Sigrún Sverrisdóttir, Arinbjörn Bernharðsson, Kristjana María Ásbjörnsdóttir, Þorgerður Lilja Björnsdóttir og Róbert H. Ingólfsson.

Sigrún oddviti stjórnar fundi en Þorgerður skrifar fundargerð.

1. Farsældaráætlun Vestfjarða - kynning

Breyting var á dagskrá fundar með leyfi fundarmanna en Erna Lea Bergsteinsdóttir kom inn á fundinn í gegnum fjarfund og kynnti hreppsnefnd nýja Farsældaráætlun Vestfjarða. Lagður var góður rómur af áætluninni og verður hún tekin til afgreiðslu á næsta fundi. Ákveðið var að skóla- og fræðslunefnd myndi fá kynningu á áætluninni fyrst.

2. Farið yfir fundargerðir nefnda

Farið var yfir fundargerð Hafnarnefndar og hún samþykkt. Sveitarstjóri vinnur tillögur nefndarinnar áfram með hafnarnefnd.

Fundargerð skipulags- bygginga og framkvæmdanefndar frá 9. September var einnig lögð fyrir fundinn til samþykktar. Hreppsnefnd bókaði eftirfarandi:

1. Breyting á Aðalskipulagi Árneshrepps 2005–2025 – jarðstrengur frá Melum að Hvalá og Ófeigsfjarðarvegur í Ófeigsfirði

Sveitarstjórn Árneshrepps hefur farið yfir tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Árneshrepps 2005–2025 vegna jarðstrengs frá Melum að Hvalá og lagfæringa á Ófeigsfjarðarvegi, ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem bárust á kynningartíma og viðbrögðum við þeim.

Sveitarstjórn tekur undir niðurstöðu Skipulags-, bygginga- og framkvæmdanefndar og samþykkir tillöguna, með þeim breytingum og lagfæringum sem gerðar hafa verið í kjölfar umsagna og athugasemda, í samræmi við 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.

2. Breyting á deiliskipulagi Hvalárvirkjunar vegna rannsókna – lega jarðstrengs og Ófeigsfjarðarvegar

Sveitarstjórn Árneshrepps hefur farið yfir tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hvalárvirkjunar vegna rannsókna, sem tekur til legu jarðstrengs og Ófeigsfjarðarvegar innan marka gildandi deiliskipulags, ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem bárust á kynningartíma og viðbrögðum við þeim.

Sveitarstjórn tekur undir niðurstöðu Skipulags-, bygginga- og framkvæmdanefndar og samþykkir tillöguna, með þeim breytingum og lagfæringum sem gerðar hafa verið í kjölfar umsagna og athugasemda, í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.

3. Velferðarnefnd, fundargerð 61. fundar frá 25. Ágúst 2026 lögð fram til kynningar.
4. Reglur á þjónustusvæði Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps um akstursþjónustu.

Reglur um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk á þjónustusvæði Stranda og Reykahóla voru bornar upp til samþykktar. Þorgerður, sem situr jafnframt í Velferðarnefnd, fór yfir reglurnar og hreppsnefnd samþykkti þær samhljóða.

5. Fundargerð Aðalfundar Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps 2026

Fundargerð aðalfundar Félagsþjónustunnar frá 25. Ágúst 2026 var lögð fyrir til kynningar.

6. Nefndarstörf

Rætt var um mikilvægi nefnda innan hreppsins og ánægju með hversu mikið af áhugasömu fólki við höfum til að starfa í nefndum sveitarfélagsins. Komið var inn á umræðu um þóknum til nefndarmanna sérstaklega þegar mikið er um fundi sem krefjast undirbúnings. Ákveðið var að útbúa ramma fyrir fundargerðir nefnda. Hreppsnefnd vinnur að útfærslu á þessu og tekur málið aftur upp þegar þeirri vinnu er lokið.

7. Hafnarmál

Framkvæmdir á vegum N1 við Norðurfjarðarhöfn vegna nýrrar olíuafgreiðslu báta voru ræddar og dýpkun hafnarinnar á því svæði.

Breytingar á fyrirkomulagi á geymslu í Fiskhúsi komu til umræðu og mikilvægt að brýna fyrir þeim sem fá leyfi til að geyma þar inn í vetur að það þarf að tæma rýmið í síðasta lagi í apríl.

Framkvæmdir við sjóvörn í Djúpavík voru ræddar ásamt aukningu í komu skemmtiferðarskipa þangað á hverju sumri.

8. Bréf til sveitarstjórna á Vestfjörðum

Hreppsnefnd barst bréf frá Gylfa Ólafssyni bæjarstjóra á Ísafirði vegna byggingar Verkmenntahús við Menntaskólann á Ísafirði. Sveitarfélög voru beðin að styðja viljayfirlýsingu um bygginguna. Hreppsnefnd samþykkti að styðja yfirlýsinguna.

9. Ályktun Landsþings Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Kynnt var ályktun landsþings um að sveitarfélög myndu halda aftur að verðskrárhækkunum til að stemma stigu við verðbólgu. Mælst var til þess að hækkanir væru ekki yfir 2,5%. Hreppsnefnd tók undir þetta.

10. Öldungaráð og atvinnumálanefnd

Oddný Þórðardóttir og Bjarnheiður Júlía Fossdal hafa verið skipaðar í Öldungaráð fyrir hönd Árneshrepps. Breytingar voru gerðar á atvinnumálanefnd en þar kemur Magnús Karl Pétursson inn fyrir Arnþór Halldórsson.

11. Vatnsmál

Það hafa komið upp vandamál með neysluvatn í víkinni, m.a. í Finnbogastaðaskóla, t.d þegar rignir mikið. Nágrannabæir eru að skoða lausnir við þessu vandamáli og velt upp mögulegum lausnum. Rætt var um safntank eða borun. Málið verður skoðað áfram með hlutaðeigandi.

12. Sorpsamlagið – áheyrnarfulltrúi

Árneshreppur á að tilnefna nýjan áheyrnarfulltrúa í Sorpsamlagið og Sigrún tekur það að sér. Um leið er Delphine þakkað fyrir hennar framlag sem áheyrnarfulltrúi og alla þá vinnu og rýni sem hún gaf sér tíma í meðan hún var fulltrúi okkar.

13. Uppkosning

Ekki hafa enn borist fyrirmæli frá Innviðaráðuneyti hvernig ferli og tímarammi er varðandi uppkosningu. Leitað verður svara hjá ráðuneyti.

14. Áherslumál nýrrar sveitarstjórnar

Halda áfram baráttu fyrir bættum samgöngum! Mikil og góð eining er innan hreppsnefndar um eflingu sveitarfélagsins. Mikilvægt er að forgangsraða þeim framkvæmdum sem liggja fyrir og setja þær upp á skynsamlegan máta. Málið verður rætt áfram á næstu fundum og í samtali við íbúa.

15. Önnur mál

Rætt var um áhyggjur hreppsnefndar af landflutningum í hreppinn, styrktarmál, frístundastyrk og verða þau mál tekin formlega upp á næstu fundum.

Fundi var slitið var 19:15